

## Eyjabörn í 118 skólum

BÖRN úr barnaskólum Vestmannaeyja (þ.e. 1.-7. bekk) stunda nú nám í 91 skóla á 60 stöðum á landinu, en auk þess eru tvö í Noregi og tvö í Færeyjum.

Unglingar úr gagnfræðaskólum (þ.e. 2.-5. bekk) stunda nám í 27 skólum á 26 stöðum á landinu.

Fjöldi nemenda í barna- og gagnfræðaskólum Vestmannaeyja þegar gosið hófst var alls 1135, þar af 871 í barnaskólum og 264 í Gagnfræðaskóla Vestmannaeyja.

# Íslenzkum systkinum ólíft í sænskum skóla



Helgi Jónsson, þrettán ára.

ÞESS eru vafalaust mörg dæmi í íslenzkum skólum, að sett sé á hinn óviðurkvæmlega hátt að nemendum, sem að einhverju leyti skera sig úr hófum sökum málfars eða einhvers annars, svo að þeim verður dvölin þar hrein og bein martröð. Fyrir slíku geta íslenzkir unglingar líka orðið í skólum erlendis. Nú að undanförunu hefur þetta gerzt í slíkum mæli í skóla í Eslöf á Suður-Skáni, að það er orðið bládamál, hvað íslenzkur systkinahópur hefur orðið að þola.

ust sökudólgarnir á hann fáum dögum síðar og börðu hann. Sömu útreið fékk hann einnig, er hann neitaði að krjúpa niður og binda skóreimar eldri pilts úr hópi þeirra, sem sett hafa að honum.

Helgi og systkini hans fara í skólavagni til Eslöf, um fjórútiú og fimm mínútna ferð. Snúi hann sér við í sæti eða liti um öxl í bílnum, er hann barinn, og íbulega er honum meinad að komast í sæti sitt í bílnum. Í friminútunum er hann daglega hrakinn og hárreyttur.

Yngri systkini hans sæta einnig aðkasti eldri félaga, þótt bekkjarsystkini þeirra séu þeim góð. Ókvæðisörð eru hröpuð á eftir þeim og þeim sagt, að allir Íslendingar ættu að fylgja eldfjallaeyjunum sínum í hafið.

Foreldrar barnanna ræddu við Aftonblaðið.

— Við stöndum uppi ráðalaus, sögðu þau Jón og Súsanna. Við þorum ekki að tala við foreldra barnanna, sem leggja börn okkar í einelti, því að við vitum ekki, hvernig það yrði tekið upp. En samt sem áður getum við ekki horft lengur á þetta, án þess að kvarta. Samt kvíðum við því — og það gera börnin líka —, að nú keyri um þverbak, er þetta er orðið bládamál.

Foreldrar þessara barna heita Jón Helgason og Súsanna og eiga heima í smáþorpi, sem heitir Harlösa. Þau eiga fjögur börn á skólaaldri — Eðvarð átján ára, Helga þrettán ára, Fanneyju ellefu ára og Þröst níu ár. Eðvarð átti eitt ár eftir til þess að ljúka stúdentsprófi, en tók þann kost að hætta námi og snúa heim til Íslands, þar sem hann stundar nú sjómennsku. Eftir eru systkini hans þrjú og eiga ekki sjö dagana sæla.

Helga er orðið ólíft í skólanum síðan bróðir hans fór. Hann verður dag hvern fyrir aðkasti eldri skólafélaga og getur ekki lengur sofíð á nóttunni. Hann liggur grátandi fram eftir öllu og kvíðir hverjum nýjum degi, segir í Aftonblaðinu, sem tekið hefur þetta mál upp. Þegar hann bar sig upp við skólameistarann, ræð-

## 3 MENN Í SNJÓFLÓÐI Á ÓSHLIÐ

A SUNNUDAGINN féll snjóflóð á nokkrum stöðum á Óshlið, og urðu þrjú menn fyrir síðustu spýjuni, og barst einn þeirra alla leið niður undir sjó. Svo giftusamlega tókst þó til, að tveir sluppu með öllu ómeiddir, en hinn þriðji marðist aðeins litillega á baki.

Nýsnævi var vestra ofan á gömlu hjarni og dró saman í skafli á Óshlið. Kom fyrsta snjóskriða á sunnudagsmorguninn og önnur um hádegisbilið, og voru báðar mokaðar, án þess að til tíðinda bæri. Í þriðja sinn kom snjóflóð rétt innan við svonefndan Kross, utan til á Svuntum, um sexleytið á sunnudagskvöldið. Var þá allmargt bíla á ferð á Óshlið, þar á meðal stór bíll með börn eða unglunga, sem voru að koma af skiðamóti á Ísafirði.

Menn fóru til að moka bílnum braut gegn um snjóhrönglið með skóflum, en er þeir voru að því starfi, kom ný spýja, og hreif hún með sér þrjú menn. Einn þeirra, Birgir Finnogason frá Ísafirði, staðnæmdist rétt við vegarbrúna, annar, Jón Guðbjörnsson, formaður slysavarnadeildarinnar í Bolungavík, barst hálfa leið til sjávar, en hinn þriðji, Pálmi Karvelsson bifvélavirki, staðnæmdist ekki fyrr en niðri við fjöruörð. Það var hann, er marðist á baki.

— Það voru þarna vörubif-

reiðar, sem áttu að sækja loðnu út í Bolungavík, sagði Jón Guðbjörnsson, er við ræddum við hann, og voru þær fengnar til þess að snúa við inn í Hnífsdal, til þess að fá gröfu til þess að ryðja veginn.

Kom hún nokkru síðar, og biðu þá ellefu bílar innan við snjóskriðuna, en fjórtán utan við hana.

—JH.

# Þjargaði 4 börnum sínum á síðustu stundu

Eldurinn gerir það ekki endasleppt við Eyjamenn

ERLINGI Einarssyni, sjómanni frá Vestmannaeyjum, tókst að bjarga fjórum börnum sínum á síðustu stundu úr brennandi húsi á sunnudagsmorgun. Þjó hann á Sjónarhóli á Vatnsleysuströnd, ásamt konu sinni og börnum. Eru þau á aldrinum eins til fimm ára. Fjölskyldan hraktist frá Eyjum vegna gossins og fengu inni á Sjónarhóli. Varð Erlingi að orði eftir brunann, — að þau hafi farið úr óskunni í eldinn. Sjónarhöll er timburhús, hæð,

kjallari og ris, en ekki var búið í risinu. Um klukkan átta á sunnudagsmorgun voru hjónin á fótum og voru að fá sér kaffisopa í eldhúsinu, sem er í kjallara hússins.

Börnin voru uppi að leika sér. Fundu hjónin þá brunalykt og fóru samstundis upp. Var þá mikill eldur í herbergi því, er börnin höfðu verið í. En þegar eldurinn kviknaði fóru þau þaðan og voru komin inn í herbergi, sem var inn af því og enn lengra frá útidyrnunum.

Mikill reykur var kominn í íbúðina, en hjónin náðu öllum börnunum og komust með þau út, heil á húfi.

Slökkviliðinu í Hafnarfirði var gert viðvart og kom það von bráðar og slökkti eldinn. Hæðin var mikið brunin og kjallari skemmdur af vatni og er húsið óíbúðarfært.

Húsfreyjan á Knarrarnesi bauð fólkinu að dvelja á sínu heimili þar til úr rættist. ÓÓ.

# „Hér eiga menn að geta tekið afstöðu í listum og menningarmálum“

Kjarvalsstaðir formlega opnaðir

SJ-Reykjavík Myndlistarhúsið á Miklatúni var formlega opnað á laugardag. Þar stendur nú yfir sýning á nær 200 verkum Jóhannesar S. Kjarvals, en húsið er reist í tilefni af áttræðisafmæli hans. Aður hafa verið sýningar í húsinu ófullgerðu. Þá getur nú að líta í húsinu listaverk í eigu Reykjavíkurborgar eftir aðra listamenn, en borgin á drjúgt safn listaverka, sem nú gefst tækifæri til að sýna í nýja húsinu.

Birgir Ísleifur Gunnarsson borgarstjóri sagði í ávarpi við opnun hússins, að þar ætti að vera menningarmiðstöð fyrir borgarbúa, þar sem þeir gætu tekið afstöðu til menningarmála. Í reglum hússins segir, að markmið Reykjavíkurborgar sé, að í húsinu verði aðstaða til listsýninga innlendra og erlendra manna og samtaka hvers konar. Gat Birgir Ísleifur þess, að ætlunin væri, að ungir listamenn yrðu kynntir þar engu síður en þeir eldri.

Tveir sýningarsalir eru í húsinu, en jarðhæð þess er 2.100 fermetrar að flatarmáli. Í húsinu er einnig veitingasalur og hefur Mikligarður hf. tekið að sér veitingarekstur. Húsagarðar eru 672 fermetrar, en Myndlistarhúsið er í tengslum við skrudgarðinn á Miklatúni og ætlunin er að starfsemi garðs og húss verði það einnig.

Rekstur hússins er í höndum hússtjórnar, en hana skipa Páll Lindal borgarlögmaður, Jón Arnþórsson sölustjóri og Ólafur B. Thors borgarráðsmaður. Í sýningarráði Myndlistarhússins eru nú Vilhjálmur Bergsson, Einar Hákonarson, Kjartan Guðjónsson og Valtýr Pétursson. Forstöðumaður hússins er Alfréd Guðmundsson.

Vönduð sýningarskrá hefur verið gefin út í tilefni Kjarvals-sýningarinnar. Í hana rita borgarstjóri, Halldór Kiljan Lax-

ness og Geir Hallgrímsson fyrrum borgarstjóri. Þá eru í skránni myndir og ágrip af Kjarvalsann-



Fjöldmenn var við opnun Myndlistarhússins á Miklatúni á laugardag. Fremst á myndinni sjást eiginkonur forseta Íslands og borgarstjórnarsins í Reykjavík Halldóra Ingólfssdóttir og Sonja Bachmann, forsetinn Kristján Eldjárn, Hannes Davíðsson formaður Bandalags íslenzkra listamanna og arkitekt hússins og Birgir Ísleifur Gunnarsson borgarstjóri.



Ætla togaraútgerðarmenn að afhenda ríkinu skipin?

Alþingi leysti vinnudeiluna á togaraflotanum, með því að greiða þann hluta af launum yfirmanna á togurum, sem útgerðarmenn treystu sér ekki til að greiða og allt strandaði á.

Þar með gat engin deila staðið lengur milli útvegsmanna og skipshafna á togurum. Útvegsmenn gátu því sent skip sín á veiðar. Einn útgerðarmaður, Tryggvi Ófeigsson, sendi skip sín strax úr höfn. Aðrir halda skipum sínum enn bundnum við bryggju. Þeir eru í stríði við ríkisstjórnina. Þeir krefjast þess, að þeim verði greitt úr almenningssjóðum allt gamalt tap og fyrirfram loforð um að allt hugsanlegt tap á þessu ári verði einnig greitt. Hins vegar gera þeir á þann fyrirvara, að hagnabur, sem yrði með bættem aflabróðum, renni í þeirra vasa!

Eins og kunnugt er hefur ríkisvaldið í sambandi við þá endurnýjun á togaraflotanum, sem nú á sér stað, lagt fram meginhlutann af kostnaðarverði hinna nýju togara, og ríkið ábyrgist nær allar skuldbindingar útgerðarmanna. Þeir leggja sjálfir fram örilitinn hluta kaupverðsins. Ef ríkið á síðan að þjónnýta til fulls, hvernig sem á stendur og fyrirfram, allt tap, sem kann að verða á útgerðinni, en útvegsmenn að hirta gróðann einir, þegar vel gengur, þá hlýtur almenningur að mót-mæla því, að almenningsjóðir séu notaðir á þann hátt og togaraútgerðarmenn þannig tryggðir margfalt á við það, sem útvegsmenn bátalötans nokkru sinni hafa leyft sér að fara fram á. Útvegsmenn ættu að hafa það hugfast, að sú framkoma, sem þeir sýna núna, þegar áföll dýnja yfir þjóðarbúið, gæti leitt til þess að þorri þjóðarinnar teldi að það væri óþarfi að halda þessum mönnum í sínum stöðum, ef þeir ætluðu að verða þjóðarbúinu til óþurftar, og krefjast þess að ríkið tæki yfir þann litla hlut, sem þeir eiga í þeim togurum, sem á annað borð er talið skynsamlegt að gera út og ekki eru orðnir of gamlir og úreltir.

Vonandi vitkast togaraútgerðarmenn áður en langt um líður og taka til við þjónnytjastörf. En þær bæjarútgerðir, sem halda togurum sínum bundnum við bryggju nú, skilja sannarlega ekki hlutverk sitt.

## Staðreyndir um kaupmáttar aukningu

Stjórnarandstæðingar hafa kallað stefnu ríkisstjórnarinnar og aðgerðir í efnahags- og kjaramálum „kaupránsstefnu“.

Byggt á tölum Hagstofu Íslands kemur í ljós, að kaupmáttur tímakaups verkamanna í fiskvinnu, byggingarvinnu, hafnarvinnu, vinnuvelstjórn, og fl. hefur hækkað um 22.3% - 26.3% frá stjórnarskiptum í júlí 1971 til dagsins í dag.

Þessar tölur eru byggðar á gögnum, sem ógerningur er að hrekja.

Ríkisstjórnin hét því í mál-efnasamningi sínum, að stuðla að því að kaupmáttur launa ykist um 20% á tveimur árum. Hún hefur setið rúmt eitt og hálft ár að völdum og gert Framhald á bls. 19